

Greinagerð um fuglalíf við Sanda í Dýrafirði

Böðvar Þórisson
og
Þorleifur Eiríksson

Unnið fyrir Fjórðungssamband Vestfirðinga

Umsjón
Aðalsteinn Óskarsson

September 2007
NV nr. 9-07

ÚTDRÁTTUR

Fjórðungssamband Vestfirðinga (Aðalsteinn Óskarsson) óskaði eftir því við Náttúrustofu Vestfjarða að kanna yrði fuglalíf við Sanda í Dýrafirði vegna hugsanlegrar staðsetningu olíuhreinsistöðvar. Beiðni um verkið kom um miðjan júlí þannig að of seint var að gera þéttleika mat á fuglum á svæðinu á þeim tíma og er því um greinagerð að ræða út frá aðstæðum og þekktum athugunum.

Náttúrustofan aflaði gagna um fuglalíf á svæðinu en einnig voru til athuganir við Hólalón og Sandasandar hjá Náttúrustofunni.

Búsvæðin í kringum Sanda, Sandasanda, Hólalón og Þingeyrarflugvöll einkennast af þeim framkvæmdum sem hafa orðið þar síðustu ár og áratugi. Á svæðinu eru flugvöllur, steypistöð, hesthús, tún, lúpína, skógrækt, mólendi og tjarnir.

Æður og kría eru einna algengustu fuglar á svæðinu en annars einkennist fuglalífið af mó- og vatnafuglum.

Einkennandi fyrir fuglalífið við Hólalón er þétt æðarvarp en einnig eru þar aðrar vatnafugla tegundir. Mófuglalífið er líkt og á lítt grónum svæðum en t.d. eru nokkur tjaldspör við lónið.

Við Hólalón er æðarvarp og hefur það verið á þessu svæði í nær 50 ár. Breyting varð á varpinu þegar Þingeyrarflugvöllurinn var lengdur. Vegur sem var meðfram varpinu var færður fyrir ofan flugvöllinn. Eftir þessa breytingu gekk betur að loka æðarvarpið af fyrir tófu og mink. Varpið hefur verið síðustu ár um 600 hreiður að jafnaði en í sumar var það um 800 hreiður.

Eitt til þrjú lómapör hafa verið á Hólalóni og sáust ungar hjá þremur pörum í sumar. Rauðhöfði, grágæs og skúfönd sjást með unga á lóninu síðsumars.

Sandasandar er að meginhluta lítt gróinn melur en ofan við hann eru gróskumiklar tjarnir. Ofan við tjarnirnar og upp undir veg er mólendi.

Kría er algengasti fuglinn við Sandasandar.

Á svæðinu hafa sést nokkrar tegundir á válista og þær eru: straumönd, grágæs, svartbakur, gulönd og hrafn.

Straumönd hefur sést með unga á Sandaá en ekki er vitað um varpstaði hjá henni. Gulönd verpir líklega ekki á svæðinu þar sem búsvæðið bendir ekki til þess. Grágæs verpir líklega víða á svæðinu og næsta nágrenni. Svartbak er haldið frá æðarvarpinu og nær því sjaldan að koma upp ungum þar. Vitað er um hrafnslaupa í Hólavilft, bæjargili við Kirkjuból og líklega við Kerlinguna í Sandafelli. Í sumar sáust fjórir ungar hjá hrafninum í Hólavilft

Athuganir á tveimur svæðum innan hugsanlegs framkvæmdarsvæðis eru nokkuð góðar en upplýsingar um þéttleika varpfugla er ekki fyrir hendi.

EFNISYFIRLIT

ÚTDRÁTTUR	2
EFNISYFIRLIT	3
INNGANGUR	4
AÐFERÐIR	4
NIÐURSTÖÐUR	4
Hólalón	7
Sandasandar	8
Tegundir við Hólalón og Sandasanda	8
UMRÆÐA	14
HEIMILDASKRÁ	15

INNGANGUR

Fjórðungssamband Vestfjarða (Aðalsteinn Óskarsson) bað Náttúrustofu Vestfjarða að kanna fuglalíf við Sanda í Dýrafirði vegna hugsanlegrar staðsetningar olíuhreinsistöðvar.

AÐFERÐIR

Beiðni um verkið kom um miðjan júlí en of seint var að gera þéttleika mat á fuglum á svæðinu á þeim tíma. Náttúrustofan aflaði gagna um fuglalíf á svæðinu en einnig voru til popular talningar á ákveðnum svæðum hjá Náttúrustofunni.

Athuganir á jaðrakan og sandlóu eru til á svæðinu en þær eru í tengslum við samstarfsverkefni Náttúrustofu Vestfjarða og Háskólaseturs Snæfellsness.

Náttúrustofa Vestfjarða á athuganir við Hólalón og Sandasanda í Dýrafirði en þær athuganir eru nær eingöngu bundnar við þá fugla sem nota lónið og tjarnirnar á svæðinu. Athuganir á fuglum eins og þúfuttlingi, heiðlóu og hrossagauk eru því litlar.

Farið var 16. ágúst 2007 og athugað með vatnafugla á Hólalóni.

Friðbert J. Kristjánsson frá Hóli í Dýrafirði er með æðarvarp við Hólalón og var hann spurður út í fuglalífið á lóninu og í nágrenni.

Lagt var mat á hvaða fuglar gætu verið á staðnum út frá gróðurupplýsingum en gróðurfur var kannað á svæðinu síðast liðið sumar (Hafðís Sturlaugsdóttir og Anton Helgason 2007).

NIÐURSTÖÐUR

Samkvæmt reitakerfi (10x10 km) Náttúrufræðistofnunar Íslands eru Sandar í reit 2839 en einnig eru í þeim reit: Mýrar, Höfði, Hvammur og Þingeyri.

Í töflu 1 er sýnd staða fugla samkvæmt reitakerfinu í dag (Kristinn Haukur Skarphéðinsson bréfl. upplýsingar 2007) og samkvæmt upplýsingum Náttúrustofu Vestfjarða (NV). Í töflu 1 er einnig dálkur fyrir stöðu fugla við Sanda en sú staða byggist á upplýsingum um fuglalíf við Hólalón, Sandaá og Sandasanda.

Skýringar: 1: staðfest varp, 2: líklegt varp, 3: hugsanlegt varp, 4/A: gamalt/óreglulegt varp, C:A+3, tegund gæti orpið, x: á leið um.

Tafla 1. Varpstig samkvæmt NÍ og upplýsingum NV um nágrenni Sanda.

Tegund ísl	Tegund latína	NÍ	Sandar
Lómur	<i>Gavia stellata</i>	1	1
Fýll	<i>Fulmarus gaeccialis</i>	1	x
Toppskarfur	<i>Phalacrocorax aristotelis</i>		x
Dílaskarfur	<i>Phalacrocorax carbo</i>		x
Álft	<i>Cygnus cygnus</i>		x

Heiðagæs	<i>Anser brachyrhynchos</i>		x
Grágæs	<i>Anser anser</i>	1	1
Rauðhöfðaönd	<i>Anas penelope</i>	1	1
Urtönd	<i>Anas crecca</i>	1	3
Stökkönd	<i>Anas platyrhynchos</i>	1	1
Skúfönd	<i>Aythya fuligula</i>	1	1
Duggönd	<i>Aythya marila</i>	3	
Æður	<i>Somateria mollissima</i>	1	1
Straumönd	<i>Histrionicus histrionicus</i>	A	1
Hávella	<i>Clangula hyemalis</i>		x
Toppönd	<i>Mergus serrator</i>	3	3
Gulönd	<i>Mergus merganser</i>	A	x
Smyrill	<i>Falco columbarius</i>	1	x
Fálki	<i>Falco rusticolus</i>	A	
Tjaldur	<i>Haematopus ostralegus</i>	1	1
Sandlóa	<i>Charadrius hiaticula</i>	1	1
Heiðlóa	<i>Pluvialis apricaria</i>	2	3
Sendlingur	<i>Calidris maritima</i>	1	
Lóuþræll	<i>Calidris alpina</i>	1	(3)
Hrossagaukur	<i>Gallinago gallinago</i>	2	2
Jaðrakan	<i>Limosa limosa</i>	2	1
Spói	<i>Numenius phaeopus</i>	1	2
Stelkur	<i>Tringa totanus</i>	1	2
Óðinshani	<i>Phalaropus lobatus</i>	1	3
Kjóí	<i>Stercorarius parasiticus</i>	3	x
Hettumáfur	<i>Larus ridibundus</i>	1	1
Sílamáfur	<i>Larus fuscus</i>		x
Hvítmáfur	<i>Larus hyperboreus</i>	1	x
Svartbakur	<i>Larus marinus</i>		1
Kría	<i>Steran paradisaea</i>	1	1
Teista	<i>Ceppus grylle</i>	1	
Þúfutittlingur	<i>Anthus pratensis</i>	1	3
Maríuerla	<i>Motacilla alba</i>	1	1
Steindepill	<i>Oeanthe oeanthe</i>	1	3
Skógarþröstur	<i>Turdus ilacus</i>	1	3
Hrafn	<i>Corvus corax</i>	1	1
Snjótittlingur	<i>Plectrophenax nivalis</i>	3	x
Fjöldi varptegunda (1-3)		31	26
Fjöldi tegunda		34	37

Svæðalýsing

Búsvæðin í kringum Sanda, Sandasanda, Hólalón og Þingeyrarflugvöll einkennast af þeim framkvæmdum sem hafa orðið þar síðustu ár og áratugi.

Á Söndum er votlendi upp frá ánni og hefur það að mestu leiti verið ræst fram. Landið þar er að mestu notað sem beitarhólf fyrir hross (Hafdís Sturlaugsdóttir og Anton Helgason 2007) og hefur þar nýlega verið reist reiðskemma. Við Sandasanda eru litlar tjarnir sem hafa orðið til af manna völdum. Skógrækt og lúpína hefur verið sáð við Sandafellið en einnig er lúpína í köntum á Þingeyrarflugvellinum.

Efnistaka hefur verið í Sandaá og eru aurar og sumstaðar bakkar lítt grónir.

Tún eru aðallega við Hól og Þingeyrarflugvöll en einnig innan við reiðskemmuna við Sanda (Hafdís Sturlaugsdóttir og Anton Helgason 2007).

Hólalón er tjörn sem fellur inn á flóði og er svæðið í kringum hana girt af. Þar er æðarvarp.

Á mynd 1 er athugunarsvæðið og helstu örnefni sem eru í þessari greinargerð.



Mynd 1. Athugunarsvæðið. Mynd: loftmyndir ehf.

Hólalón

Einkennandi fyrir fuglalífið við Hólalón er þétt æðarvarp en einnig eru þar aðrar tegundir vatnafugla. Mófuglalífið er líkt og á lítt grónum svæðum en t.d. eru nokkur tjaldspör við lónið.

Eitt til þrjú lómapör hafa verið á Hólalóni og sáust ungar hjá þremur þörum í sumar (Friðbert J. Kristjánsson munnl. uppl. 2007).

Nokkuð grágæsavarp er í æðarvarpinu og hefur henni fjölgað síðustu ár (Friðbert J. Kristjánsson munnl. uppl. 2007).

Töluvert af andfugli hefur sést á lóninu og verpa líklega nokkur þör þarna og upp með Sandaá. Vaðfuglar eru í varpi við lónið, t.d. sandlóa og tjaldur.

Við Hólalón er æðavarp og hefur það verið á þessu svæði í nær 50 ár. Breyting varð á varpinu þegar Þingeyrarflugvöllurinn var lengdur. Vegur, sem var meðfram varpinu, var færður fyrir ofan flugvöllinn. Eftir þessa breytingu gekk betur að loka æðarvarpið af fyrir tófu og mink. Varpið hefur verið síðustu ár um 600 hreiður að jafnaði en í sumar var það um 800 (Friðbert J. Kristjánsson munnl. uppl. 2007).

Á vorin má sjá rauðbrysting (*Calidris canutus*) og tildru (*Arenaria interpres*) í hvíld á bökkum lónsins.

Þann 16. ágúst 2007 sáust eftirtaldar tegundir á Hólalóni og nágrenni:

Grágæs (*Anser anser*). Grágæsaþópur var á Hólalóni þegar komið var að en styggð kom á hópinn og flaug helmingurinn í burtu en settist út á sjó á móts við Hólalónið. Töldust 90 grágæsir á sjónum og 78 á lóninu. Síðar komur 30 grágæsir frá Kirkjubjólssdal og settust á lónið. Það sáust ungar í gæsaþópnum en þeir voru orðnir nær jafnstórir og fullorðnu fuglarnir. Það var því erfitt að greina aldurshlutföll í hópnum en meirihlutinn var örugglega fullorðnir fuglar. Grágæsirnar voru í æti við Hólalónið.

Urtönd (*Anas crecca*). Aðeins fjórar kollur sáust á lóninu en ungar gætu hafa verið á vatnsbakkanum í þéttara grasi.

Rauðhöfði (*Anas penelope*). Samtals sáust 36 fuglar en bæði voru þarna kollur og ungar. Það sást ein kolla með þrjú unga og önnur með fjóra unga. Ungar voru flestir orðnir stórir og því erfitt að greina aldurshlutföll en líklega voru hlutföll jöfn eða ungar í meirihluta.

Skúfönd (*Aythya fuligula*). Það sáust tólf fuglar, bæði kollur og ungar.

Hrafn (*Corvus corax*). Tveir hrafnar flugu yfir lónið.

Kría (*Sterna paradisaea*). Tvær kríur sáust og sat önnur á sjávarkambinum.

Óðinshani (*Phalaropus lobatus*). Einn óðinshani og var þetta annað hvort fullorðinn fugl í vetrarbúning eða ungi.

Heiðlóa (*Pluvalis apricaria*). Ein fullorðin heiðlóa sást ofan tjarnir á Sandasöndum og ein neðan við hesthús. Líklega voru þær með unga.

Stelkur (*Tringa totanus*). Tveir stelkar sáust rétt ofan við ós Sandaár.

Sandlóa (*Charadrius hiaticula*). Tvær sandlóur sáust á ytri bakka Sandárinnar á móts við Hólalón. Önnur sandlóan var fleygur ungi og hin var líklega fullorðinn fugl en ekki náðist að staðfesta það. Fuglarnir voru í æti.

Straumönd (*Histrionicus histrionicus*). Ein kolla sást með fjóra unga rétt neðan við brúna yfir Sandána.

Lómur (*Gavia stellata*). Þrír lómar sáust á sjónum við Hólalón og var a.m.k. einn fullorðinn af þessum fuglum.

Sandasandar

Sandasandar er að meginhluta lítt gróinn melur en ofan við hann eru gróskumiklar tjarnir. Ofan við tjarnirnar og upp undir veg er mólendi.

Á melnum verpir sandlóa og fundust hreiður hjá þremur pörum í sumar. Á melnum, í mólendinu og kringum tjarnirnar verpa kríur en byggðin nær að Hólalóni. Gengið hefur illa hjá kríunni síðustu tvö ár á undan en virðist hafa gengið þokkalega þetta árið. Varpið er á bilinu 150-300 pör.

Jaðrakani er mest áberandi fuglinn í tjörnunum og verpa nokkur pör á þessu svæði. Aðrir vaðfuglar eins og t.d. stelkur og hrossagaukur, eru við tjarnirnar, bæði í sefinu og í mólendinu.

Fáeinir andfuglar sjást á tjörnunum eins og t.d. urtönd og stökkönd.

Tegundir við Hólalón og Sandasanda

Hér fyrir neðan er listi yfir þær tegundir sem hafa verið skráðar hjá Náttúrustofu Vestfjarða við Sandasanda og Hólalón á árunum 2003-2007 og þær varptegundir sem eru líklegar út frá búsvæði. Upplýsingar fengust einnig frá Friðberti J. Kristjánssyni um fuglalíf við Hólalón og nágrenni.

Lómur Gavia stellata

Lómur verpir við Hólalón og er aðal varpstaðurinn lítill hólmi í lóninu. Oftast hefur verið eitt par í lóninu en síðustu ár a.m.k. tvö pör. Í sumar komu þrjú pör upp ungam.

Í ágúst 2004 sást par með unga í lóninu.

Toppskarfur Phalacrocorax aristotelis

Toppskarfur verpir ekki á svæðinu og er jafn vel sjaldgæfur í Dýrafirði yfir vetur. Líklega sjást fáeinir fuglar á haustin fyrir utan Þingeyri en ekki eru neinar skráðar athuganir á því.

Dílaskarfur Phalacrocorax carbo

Dílaskarfur verpir ekki á svæðinu en hann sést í Dýrafirði frá hausti til vors. Hann sést á milli Þingeyrar og Sandasanda yfir veturinn en aldrei margir í einu.

Þekkt er skarfasetur undir Mýrafelli og í Ófærunni undir Helgafelli (Arnþór Garðarsson, Ólafur Karl Nielsen og Agnar Ingólfsson 1980).

Álft Cygnus cygnus

Álftir sjást við Hólalón en þær verpa ekki þarna. Þar sást þarna í apríl 2004 og þrír fuglar í september sama ár.

Grágæs Anser anser

Grágæs er algeng við Hólalón en einnig eru nokkur pör við Seftjörn í Haukadál. Síðsumars er hún við Hólalón með unga eða í felli. Þann 21. maí 2004 voru 30 grágæsir við Hólalón. Friðbert J. Kristjánsson telur að henni hafi fjölgað í æðarvarpinu síðustu ár (munnl. uppl. 2007).

Heiðagæs Anser branchyos

Heiðagæs er sjaldgæfur varpfugl á Vestfjörðum og hún sést oftast í vor- eða haustfari. Það sást einn fugl við Hólalón 17. maí 2003.

Stökkönd Anas platyrhyncos

Stökkönd sést við Hólalón og hún hefur sést með unga við tjarnir á Sandasöndum. Hún verpir við Hólalón að sögn Friðbertar (munnl. uppl. 2007).

Rauðhöfði Anas penelope

Rauðhöfði hefur vetursetu í Dýrafirði en hann sést ekki annarstaðar yfir vetur á norðanverðum Vestfjörðum. Mest hafa sést 68 fuglar rétt innan við Hvamm í vetrarfuglatalningu.

Rauðhöfði er dreifður um fjörur Dýrafjarðar á vorin en er þó mest við Lambadalseyri, Kjaranstaðareyri og Ketilseyri. Rauðhöfði sést við Hólalón á vorin en mest er af honum síðsumars eða snemma hausts (tafla 2). Rauðhöfði er líklega varpfugl á svæðinu.

Tafla 2. Fjöldi rauðhöfða við Hólalón í Dýrafirði.

Dags	Staður	kk	kvk	Samtals
09-maí-03	Hólalón	1	1	2
21-maí-03	Hólalón	2	2	4
17-jún-03	Hólalón	28		28
07-apr-04	Hólalón	1		1
18-apr-04	Hólalón	1	1	2
25-apr-04	Hólalón	3	3	6
07-maí-04	Hólalón	2	2	4
13-maí-04	Hólalón	2	2	4
18-sep-04	Hólalón			25
21-maí-05	Hólalón	3	3	6

Urtönd *Anas crecca*

Urtönd sést bæði við Hólalón og á tjörnum við Sandasanda. Hún verpur líklega á svæðinu.

Skúfönd *Aythya fuligula*

Skúfönd er nokkuð algeng við Hólalón en einnig sést hún í nágrenni eins og á Seftjörn í Haukadal og á Sveinseyrarvatni. Hún verpir nær örugglega við lónið og hefur einn kvenfugl sést með 14 unga (tafla 3).

Tafla 3. Skúfendur við Hólalón.

Dags	Staður	kk	kvk	ungar	Samtals
21-maí-03	Hólalón	5	5		10
17-jún-03	Hólalón	17			17
25-apr-04	Hólalón	1	1		2
07-maí-04	Hólalón	1	1		2
09-maí-04	Hólalón	2	2		4
13-maí-04	Hólalón	7	4		11
21-maí-05	Hólalón	3	2		5
25-jún-05	Hólalón		1	14	15

Æður *Somateria mollissima*

Á Hólalóni er æðarvarp og er fjöldi hreiðra um 600 árlega en síðasta sumar voru um 800 hreiður.

Á móts við Hólalón hinum megin í firðinum eru stór æðarvörp við Mýrar og Læk. Samtals eru þar rúmlega 4000 hreiður.

Æðarkóngur *Somateria spectabilis*

Einn æðarkóngur sást við ós Sandárinnar þann 25. júní 2005. Æðarkóngar sjást á hverju ári í Dýrafirði og oftast er það á svæði frá Þingeyri og inn í botn fjarðarins. Æðarkóngur sést í æðarvarpi á Vestfjörðum nær ár hvert og blandast hann líklega við æðarfugl.

Straumönd *Histrionicus histrionicus*

Straumönd sést árlega á Sandaá og í ágúst 2007 sást hún með unga. Yfir veturinn sést hún við ströndina á svæði á milli Þingeyrar og Sandasandar.

Hávella *Clangula hyamalis*

Hávellur verpa aðallega við vötn og tjarnir á hálendinu og er það líklega meginreglan á norðanverðum Vestfjörðum. Sumarið 2007 fannst þó hávelluhreiður í æðarvarpi í Holtsodda í Önundarfirði.

Einn hávellukarl hefur sést bæði á tjörnum við Sandasanda (2005) og á Hólalóni (2004).

Hávellur eru algengar í fjörðum á norðanverðum Vestfjörðum yfir vetur og er Dýrafjörður engin undantekning. Þær eru þó aðallega á sjónum innarlega í firðinum t.d. innan við Dýrafjarðarbrúna.

Gulönd Mergus merganser

Gulendur eru tiltölulega algengar í Dýrafirði yfir vetur og má sjá þær við Dýrafjarðarbrúna og innarlega í firðinum. Á vorin eru þær oft við Hólalón og þá aðallega kvenfuglar (sjá töflu 4).

Tafla 4. Fjöldi gulanda við Hólalón í Dýrafirði.

Dags	Staður	Tegund	kk	kvk	Samtals
07-apr-04	Hólalón	Gulönd		5	5
18-apr-04	Hólalón	Gulönd	1	11	12
25-apr-04	Hólalón	Gulönd		4	4
07-maí-04	Hólalón	Gulönd		2	2
24-mar-05	Utan Hólalóns	Gulönd	1		1
01-apr-06	Hólalón	Gulönd		2	2
23-apr-06	Hólalón	Gulönd			13

Toppönd Mergus serrator

Toppöndur eru algengar í Dýrafirði og sjást þær við Hólalón í Dýrafirði (tafla 5). Líklegt er að þær verpi á svæðinu.

Toppöndur sjást í felli síðsumars, annað hvort á Hólalóni eða á sjónum út af lóninu. Hugsanlega geta verið þar gulendur innan á milli (Friðbert J. Kristjánsson munnl uppl. 2007).

Tafla 5. Fjöldi toppöndur við Hólalón í Dýrafirði.

Dags	Staður	Tegund	kk	kvk	Samtals
21-maí-03	Hólalón	Toppönd	4	2	6
22-apr-04	Hólalón	Toppönd			7
25-apr-04	Hólalón	Toppönd	1	2	3
07-maí-04	Hólalón	Toppönd			6
09-maí-04	Hólalón	Toppönd		1	1
13-maí-04	Hólalón	Toppönd	1	1	2
18-sep-04	Hólalón	Toppönd			5
21-apr-05	Hólalón	Toppönd			2
21-maí-05	Hólalón	Toppönd	3	3	6

Smyrill Falco columbarius

Smyrill sést á svæðinu og þá aðallega síðsumars. Hugsanlega er hann með hreiður í Meðaldal en ekki er vitað um hreiður á framkvæmdarsvæðinu (Friðbert J. Kristjánsson munnl. uppl. 2007).

Tjaldur Haematopus ostralegus

Tjaldur verpir við Hólalón og eru þar a.m.k. þrjú varppör.

Sandlóa *Charadrius hiaticula*

Sandlóa verpir á melnum við Sandasanda og hún er líklegur varpflugl við Hólalón og Þingeyrarflugvöll.

Sumarið 2007 fundust hreiður hjá þremur sandloupörum á Sandasöndum og líklega voru 1-2 pör í varphugleiðingum á sama svæði eða í nágrenni. Fugl sást á hreiðri við flugvöllinn en svæðið var samt ekkert kannað.

Heiðlóa *Pluvalis apricaria*

Ekki eru skráðar neinar talningar á heiðlóum á svæðinu en búsvæðin benda til þess að hún verpi þar. Tveir fuglar sáust í ágúst 2007 og gætu þeir hafa verið með unga.

Lóupræll *Calidris alpina*

Lóupræll er algengur í fjörum Dýrafjarðar á vorin en lítið hefur sést til hans við Sandasanda og Hólalóns. Þess ber að geta að flestar athuganir hafa verið gerðar úr bíl og lóupræll er lítt sýnilegur í varpi nema að svæðið sé gengið. Það er því líklegt að hann finnist í varpi þegar svæðið yrði athugað nánar.

Rauðbrystingur *Calidris canutus*

Rauðbrystingur er algengur umferðarfugl í Dýrafirði á vorin. Stærstu hóparnir sjást við Lambadalseyri, Hvamm og Höfða en það geta verið upp í 2000 fuglar í hóp (Arnþór Garðarsson o.fl. 1980; Böðvar Þórisson og Þorleifur Eiríksson 2005).

Rauðbrystingahópar eru í æti í fjöru á milli Þingeyrar og Miðdals en einnig eru þeir í flóðsetri við Hólalón. Þann 21. maí 2003 voru 62 fuglar í hvíld.

Hrossagaukur *Gallinago gallinago*

Hrossagaukur er algengur varpflugl á Vestfjörðum og má búast við að hann sé einn algengasti vaðfluglinn á svæðinu.

Jaðrakan *Limosa limosa*

Jaðrakan er tiltölulega nýr landnemi á norðanverðum Vestfjörðum og er talið að fjölgunin hafi verið fimmföld frá árinu 1980 til 2003 (Tómas Grétar Gunnarsson og Böðvar Þórisson 2004).

Í Dýrafirði er stærsta varpið við Mýrar og Læk en nokkur pör eru við Sandasanda og Hólalón. Einnig sjást fáeinir fuglar við Seftjörn í Haukadal og gætu þeir orpið þar.

Bæði fullorðnir og ungar hafa verið litmerktir við Sandasanda, fyrst sumarið 2005. Fullorðinn fugl sem var merktur á hreiðri við tjarnirnar sumarið 2006 sást aftur á sama stað sumarið 2006 og var hann varplegur.

Varplegir jaðrakanar sjást við Hólalónið og upp með Sandaá (Friðbert J. Kristjánsson munnl. uppl. 2007).

Spói Numenius phaeopus

Ekki eru skráðar talningar á spóum á svæðinu en búsvæðin benda til þess að hann verpi við Sanda og víðar.

Stelkur Tringa totanus

Stelkur er algengur fugl við tjarnirnar og við Hólalón. Hann verpur örugglega á svæðinu.

Tildra Arenaria interpres

Tildra er algeng í Dýrafirði á vorin og síðsumars. Mest hefur sést af henni við utanvert Mýrarfellið og á milli Núpsbótar og Gerðhamars eða samtals um 1000 fuglar (Guðmundur A. Guðmundsson og Arnþór Garðarsson 1986).

Tildra sést við Hólalón og er hún þar aðallega í hvíld en þó er hluti af hópnum í æti. Mest hafa sést 390 fuglar í einu við Hólalónið en það var um kvöld þann 21. maí 2003. Hálf flætt var að og fuglarnir hafa líklega notað staðinn fyrir náttstað.

Óðinshani Phalaropus lobatus

Óðinshani gæti verið í varpi við Sandasanda, Hólalón o.fl. stöðum. Litlar athuganir eru skráðar um hann.

Kjóí Stercorarius parasiticus

Kjóar sjást á svæðinu en ekki er vitað hvar þeir verpa. Oftast sést á eftir þeim upp í Kirkjubólssdalinn og gætu þeir verið í varpi þar (Friðbert J. Kristjánsson munnl. uppl. 2007).

Hettumáfur Larsu ridibundus

Hettumáfur er algengur varpfugl í Dýra- og Önundarfirði. Á Seftjörn í Haukadale er um 200 varppör og er það ein þéttasta hettumáfsbyggðin á norðanverðum Vestfjörðum.

Hettumáfur hefur reynt varp við Hólalón og Sandasanda en ekki gengið sem skyldi.

Sílamáfur Larus fuscus

Sílamáfur sést af og til í æðarvarpinu en reynt er að halda honum frá varpinu (Friðbert J. Kristjánsson munnl. uppl. 2007).

Svarbakur Larus marinus

Svarbakur sést við Hólalón og Sandasanda og eru þetta bæði ungfuglar og fullorðnir. Hann hefur reynt varp við Hólalón og komið stundum upp ungum. Ekkert varp var í sumar við Hólalón.

Hvítmáfur Larus hyperboreus

Hvítmáfur er algengur varpfugl í Önundarfirði og Dýrafirði. Honum er haldið frá æðarvarpinu við Hólalón og því sjaldan margir fuglar á svæðinu.

Kría Sterna paradisaea

Kríuvarp er á svæðinu og nær það frá Sandasöndum að Hólalóni. Stærð kríuvarpsins hefur einungis verið metin gróflega frá árinu 2003.

Byggðin er 150 til 300 varppör en stærð þess er misjöfn á milli ára. Árin 2005 og 2006 gekk illa hjá kríunni og varpið var lítið. Síðasta sumar gekk ágætlega og var byggðin um 150 varppör. Þann 24. júní 2003 voru 221 kría við Sandasandar og á aurum Sandárinnar. Líklega má bæta við um 100 fuglum sem hafa legið á í herra grasi og þeir fuglar sem voru út á sjó í æti.

Þúfutittlingur *Anthus pratensis*

Lítið hefur verið skráð um þúfutittlinga en það er líklegt að hann sé einn af algengustu fuglum við Sanda og nágrenni.

Maríuerla *Motacilla alba*

Maríuerla verpir við Hól, Þingeyrarflugvöll og við sjávarhús við Hólalón (Friðbert J. Kristjánsson munnl. uppl. 2007). Hún verpir líklega víðar.

Steindepill *Oenanthe oenanthe*

Steindepill er líklega ekki algengur á svæðinu en hann sést í fjallshlíðum fyrir ofan Hól (Friðbert J. Kristjánsson munnl. uppl. 2007).

Skógarpröstur *Turdus iliacus*

Skógarpröstur hefur sést í lúpínubreiðum við Sandafellið og verpir hann líklega á nokkrum stöðum á svæðinu.

Hrafn *Corvus corax*

Vitað er um hrafnslaupa í Hólahvilft, bæjargili við Kirkjuból og líklega við Kerlinguna í Sandafelli. Í sumar sáuust fjórir ungar hjá hrafninum í Hólahvilft (Friðbert J. Kristjánsson munnl. uppl. 2007).

UMRÆÐA

Athuganir eru stopular á svæðinu en þó góðar með tilliti til sandlóu, jaðrakans og nokkurra andfuglategunda við Hólalón og Sandasanda. Líklega eru þessi tvö svæði mikilvægust á athugunarsvæðinu varðandi fuglalíf.

Búsvæðin í kringum Sanda, Sandasanda, Hólalón og Þingeyrarflugvöll einkennast af þeim framkvæmdum sem hafa orðið þar síðustu ár og áratugi. Á svæðinu eru flugvöllur, steypistöð, hesthús, tún, lúpína, skógrækt, mólendi og tjarnir.

Æður og kría eru einna algengustu fuglar á svæðinu en annars einkennist fuglalífið af mó- og vatnafuglum.

Á svæðinu hafa sést nokkrar tegundir á válista og þær eru: straumönd, grágæs, svartbakur, gulönd og hrafn. Svartbakur er á listanum því honum hefur fækkað mikið, grágæs og hrafn hefur fækkað 20% á síðustu 10 árum, gulandarstofninn er lítill eða minni 1000 fuglar og straumönd verpir einungis á Íslandi af Evrópulöndunum (Náttúrufræðistofnun 2000).

Straumönd hefur sést með unga á Sandaá en ekki er vitað um varpstaði hjá henni. Gulönd verpir líklega ekki á svæðinu þar sem búsvæðið bendir ekki til þess. Grágæs verpir líklega víða á svæðinu og næsta nágrenni. Svartbak er haldið frá æðarvarpinu og nær því sjaldan að koma upp ungum þar. Vitað er um hrafnslaupa í Hólavilft, bæjargili við Kirkjuból og líklega við Kerlinguna í Sandafelli. Í sumar sáust fjórir ungar hjá hrafnum í Hólavilft

Athuganir á tveimur svæðum innan hugsanlegs framkvæmdarsvæðis eru nokkuð góðar en upplýsingar um þéttleika eru ekki fyrir hendi.

HEIMILDASKRÁ

Arnþór Garðarsson, Ólafur Karl Nielsen og Agnar Ingólfsson. 1980. Rannsóknir í Önundarfirði og víðar á Vestfjörðum 1979: Fuglar og fjörur. Líffræðistofnun Háskólans, fjölrit nr. 12.

Böðvar Þórisson og Þorleifur Eiríksson. 2005. Fuglalíf í Gufudalssveit og nágrenni. Unnið fyrir Vegagerðina. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 06-05.

Guðmundur A. Guðmundsson og Arnþór Garðarsson. 1985. Fuglaathuganir í Dýrafirði og Önundarfirði. 1985. Líffræðistofnun Háskólans, fjölrit nr. 23.

Náttúrufræðistofnun. 2000. Válisti 2 – Fuglar. Náttúrufræðistofnun Íslands.

Tómas Grétar Gunnarsson og Böðvar Þórisson. Fjölgun jaðrakans í Önundarfirði og Dýrafirði milli 1979 og 2003. – Bliki 25:61-65.